

Til minnis



Stuðningsmeðferð
fyrir börn sem eru með
barnaliðagigt og fjölskyldur þeirra

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI, 2013
KVENNA- OG BARNAEILD, GÖNGUDEILD 20E

HÖFUNDIR: SÓLRÚN W. KAMBAN

ÁBYRGÐARMAÐUR: INGILEIF SIGFÚSDÓTTIR

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/AV



Göngudeild 20 E
Barnaspítali Hringins

Hvað er barnaliðagigt?

Barnaliðagigt er viðvarandi liðbólga sem varir í meira en sex vikur og byrjar fyrir 16 ára aldur. Fyrir greininguna hafa aðrar orsakir fyrir liðbólgunni verið útilokaðar.

Barnaliðagigt og daglegt líf

Þegar barn greinist með barnaliðagigt er stefnt að því að líf þess verði sem minnst frábrugðið lífi annarra barna.

Fjölskyldan er helsti stuðningur barnsins. Innan fjölskyldunnar mótast hugmyndir barns um eigin heilsu og hvernig leysa eigi úr heilsufarstengdum málum.

Þegar barn greinist með langvinnan heilsufarsvanda geta erfiðar tilfinningar gert vart við sig innan fjölskyldunnar. Þá er mikilvægt að fjölskyldan fái stuðning og tækifæri til að ræða þessar tilfinningar svo koma megi í veg fyrir misskilning og/eða óþarfa erfiðleika.

Markmið

Markmið göngudeildarinnar er að draga úr andlegum fylgikvillum langvinnra veikinda á unga aldri, stuðla að auknu heilbrigði og styrkja barn og fjölskyldu þess á þeirri leið.

Hjúkrunarfræðingur veitir barni og fjölskyldu þess stuðning, fræðslu og eftirfylgni á göngudeild barna eða með símtölum, allt eftir þörfum hvers og eins.

Stuðningurinn felur í sér að efla skilning á sjúkdómnum og meðferð við honum, með viðeigandi fræðslu og upplýsingagjöf. Einnig er lögð áhersla á að veita foreldrum og barni svigrúm til að ræða áhyggjuefni og vangaveltur sem tengjast sjúkdómnum og aðstoða við að greiða úr málefnum daglegs lífs.

Hvernig panta ég tíma hjá hjúkrunarfræðingi?

Göngudeild barna er opin alla virka daga frá kl. 8 til 16.

Á Barnaspítala Hringins starfar barnagigtarteymi sem í eru lækni, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, félagsráðgjafi og sjúkraþjálfari.

Hjúkrunarfræðingur barnagigtarteymis Barnaspítala Hringins er Sólrún W. Kamban. Hún starfar á göngudeild barna miðvikudaga og fimmtudaga. Tímapantanir eru í síma 543-3700 eða 543-3701.

Einnig er hægt að hafa samband með tölvupósti í netfang: solrunw@landspitali.is og óska eftir viðtalstíma eða símatíma.